

Greinargerð um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg

Við framlagningu ársuppgjörs Reykjavíkurborgar 2021



Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 1 |
| Framkvæmd og skipulag KFS | 1 |
| Greining þjónustubátta | 3 |
| Frístundakortið | 5 |
| Miðstöð útivistar og útináms | 6 |
| Greining á þróunarstyrkjum menntastefnu B hluti | 7 |
| Deild náttúru og garða | 8 |
| Stefnumótun og greining..... | 8 |
| Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra | 9 |
| Fjárhagsaðstoð | 10 |
| Framleiðslueldhús | 11 |
| Jafnréttisskimun og jafnréttismat | 12 |
| Starfshópur um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats | 12 |
| Viðaukar við samþykktu áætlun 2021 | 14 |
| Jafnréttismat á Loftlagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021-2025 | 15 |
| Ábendingar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu | 16 |
| Viðauki I. Erindisbréf starfshóps um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats | 17 |
| Viðauki II. Greinargerðir fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 | 19 |
| Viðauki III. Áætlanir fag- og kjarnasviða um greiningar, framkvæmd og eftirlit KFS | 22 |
| Viðauki IV. Leiðbeiningar vegna gerð jafnréttismats | 29 |
| Viðauki V. Eyðublað vegna jafnréttisskimunar | 31 |

Myndaskrá

| | |
|---|---|
| Mynd 1. Nýtt skipulag KFS 2019. | 1 |
| Mynd 2. Árlegir viðburðir í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg. ... | 2 |
| Mynd 3. Greining þjónustupátta sem hlutfall af heildar fjármagni sviða skv. fjárhagsáætlun 2021 og 2020. | 5 |

Töfluskrá

| | |
|--|----|
| Tafla 1. Samantekt á greiningum þjónustupátta sem hafa verið framkvæmdar frá árinu 2011, eftir fagsviðum. | 3 |
| Tafla 2. Yfirlit yfir tillögur starfshóps. | 13 |
| Tafla 3. Viðaukar og skimanir við samþykktu fjárhagsáætlun 2021. | 14 |

Inngangur


Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 (nú lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og lög um stjórnýslu jafnréttismála nr. 151/2020), mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum. Markmiðið er að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu borgarinnar og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Stefnt er að betri og réttlátari nýtingu fjármuna með tilliti til ólíkra þarfa borgarbúa.

Tvö megin verkefni innleiðingar kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg eru greining þjónustubátta annars vegar (FMS-VLR-087) og jafnréttisskimun og -mat á öllum nýjum verkefnum og breytingartillögum sem varða fjárhagsáætlun hins vegar (FMS-VLR-086 og FMS-VLR-048). Þá ber einnig að beita jafnréttisskimun og –mati vegna nýrra verkefna eða breytingum á fjárfestingaráætlun (FMS-STE-001).

Í þessari greinargerð er að finna stöðumat á innleiðingu KFS árið 2021.


Framkvæmd og skipulag KFS

Framkvæmd og skipulag KFS hefur verið í nokkuð stöðugu endurmati frá því að innleiðing á KFS hófst árið 2011. Unnið er að því að finna hvernig best hentar að vinna verkefnið. Starfræktur er stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Borgarráð skipar í hópinn, en í honum eiga sæti þrír fulltrúar, tveir frá meirihluta og einn frá minnihluta. Stýrihópurinn ber ábyrgð á að skilgreina hvert beri að stefna í innleiðingu KFS hjá fag- og kjarnasviðum, ásamt miðlægum skrifstofum og stofnunum Reykjavíkurborgar. Í október 2019 samþykkti Borgarráð tillögu stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun um breytingu á skipulagi vinnunnar (R18090217). Helstu breytingarnar voru þær að ábyrgð á KFS var færð ótímabundið til sviðsstjóra og settir voru á fót starfshópar um KFS á fag- og kjarnasviðum. Hlutverk starfshópanna er að leiða og styðja við vinnu KFS á sínu sviði. Það felur m.a. í sér að leiða greiningarstarf sviðanna og gæta þess að brugðist sé við niðurstöðum greininga ásamt því að sjá til þess að jafnréttisskimanir séu gerðar. Í upphafi árs 2021 var síðan skipaður starfshópur með það hlutverk að yfirfara og endurskipuleggja verklag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats (sjá erindisbréf í viðauka I). Starfshópurinn starfaði í þrjá mánuði og skilaði af sér skýrslu vorið 2021, nánar er fjallað um störf starfshóps á bls. 12-13.



Mynd 1. Nýtt skipulag KFS 2019¹.

¹ MOS er ungt svið og ekki hefur verið stofnaður starfshópur þar enn sem komið er.



Mynd 2. Árlegir viðburðir í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Greining þjónustupátta

Markmiðið með greiningu þjónustupátta er að kortleggja hvort halli á eitt kyn eða þá hópa sem mannréttindastefna Reykjavíkurborgar tekur til þegar kemur að þjónustu borgarinnar við íbúa og ráðstöfun fjármagns. Með markvissum greiningum þjónustupátta er unnt að meta hvort aðgerða sé þörf og þá hvaða aðgerða. Samkvæmt verklagsreglu um KFS hjá Reykjavíkurborg þá ber fagsviðum að gera áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna KFS. Í viðauka II má finna greinargerðir fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2021 og í viðauka III má finna áætlanir fag- og kjarnasviða um greiningar, framkvæmd og eftirlit.


Á árinu 2021 var nokkur gangur í greiningu þjónustupátta, en lokið var við greiningar á átta þjónustupáttum. Skóla- og frístundasvið greindi þjónustupættina Miðstöðvar útvistar og útináms og þróunarstyrki menntastefnu. Umhverfis- og skipulagssvið greindi þjónustupættina deild náttúru og garða og stefnumótun og greining. Velferðarsvið greindi þjónustupættina akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra, fjárhagsaðstoð og framleiðslueldhús. Íþrótt- og tómstundasvið lauk við greiningu á þróun á nýtingu frístundakortsins. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir þá þjónustupætti sem hafa farið gegnum KFS greiningu frá árinu 2011.

Tafla 1. Samantekt á greiningum þjónustupátta sem hafa verið framkvæmdar frá árinu 2011, eftir fagsviðum.

| Íþrótt- og tómstundasvið | Ár |
|---|------|
| Aðsókn í sundlaugar | 2012 |
| Frístundakortið | 2012 |
| Fjárfesting íþróttafélaga | 2013 |
| Ráðningar í sumarstörf | 2015 |
| Styrkir til íþróttafélaga | 2016 |
| Aðsókn í fjölskyldu og húsdýragarðinn | 2018 |
| Hitt húsið - Þátttaka í Músíktilraunum | 2018 |
| Frístundakortið: Þróun á þátttöku barna 2012-2020 | 2021 |
| Menningar- og ferðamálasvið | Ár |
| Innkaup safnefnis á Borgarbókasafni Reykjavíkur | 2012 |
| Styrkveitingar menningar- og ferðamálaráðs 2007-2011 | 2012 |
| Börn og menningaruppeldi: Könnun á þátttöku barna og unglinga í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkurborgar | 2014 |
| Skráning og könnun kyngreindra gagna varðandi þjónustu við gesti í stofnunum Menningar- og ferðamálasviðs | 2015 |
| Viðhorfskönnun meðal barna í fjórðu bekkjum grunnskóla Reykjavíkur um opunarviðburð Barnamenningarhátíðar | 2016 |
| Kynjamunur erlendra ferðamanna í Reykjavík 2010-2015 | 2016 |
| Börn og menningaruppeldi - Framhaldsgreining og samanburður | 2020 |
| Skóla- og frístundasvið | Ár |
| Börn ári fyrr á leikskóla – áhrif á dagforeldra, starfsfólk leikskóla og foreldra | 2012 |
| Þátttaka foreldra í foreldrafélögum og ráðum í leik- og grunnskóla | 2012 |
| Þátttaka 13-16 ára unglinga í félagsmiðstöðvastarfi | 2012 |
| Stuðningur í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum SFS | 2014 |
| Sérkennsluúthlutun í grunnskólum | 2015 |
| Þátttaka 10 - 12 ára barna í félagsmiðstöðvastarfi | 2015 |
| Greining á styrkjum skóla- og frístundaráðs á árunum 2013-2015 | 2016 |
| Innkaup á námsefni og leikföngum í tveimur leikskólum | 2018 |
| Miðstöðvar útvistar og útináms | 2021 |
| B-hluti þróunarstyrkja menntastefnu | 2021 |

| Umhverfis- og skipulagssvið | Ár |
|---|-----------|
| Skipulagsmál | 2013 |
| Hjólreiðaáætlun | 2016 |
| Byggingafulltrúi | 2016 |
| LUKR og landupplýsingar | 2016 |
| Grasagarður | 2016 |
| Vinnuskólinn | 2017 |
| Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing | 2017 |
| Samgöngumál | 2018 |
| Þjónustumiðstöð borgarlandsins | 2019 |
| Deild náttúru og garða og umhverfi og útivist | 2021 |
| Stefnumótun og greining (aðalskipulag, svæðaskipulag, umhverfis og gæðamál) | 2021 |
| Velferðarsvið | Ár |
| Tilraunaverkefni: Þjónusta við utangarðsfólk | 2012 |
| Tilraunaverkefni: Félagsstarf aldraðra | 2012 |
| Fjárhagsaðstoð: Framfærslustyrkur | 2014 |
| Fjárhagsaðstoð: Heimildagreiðslur | 2015 |
| Stuðningsþjónusta | 2016 |
| Búsetuúrræði | 2017 |
| Dagþjónusta | 2017 |
| Heimaþjónusta | 2019 |
| Heimahjúkrun | 2019 |
| Hjúkrunarheimili | 2019 |
| Þjónustuíbúðir | 2019 |
| Aksturþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra | 2021 |
| Fjárhagsaðstoð: Framfærslustyrkur | 2021 |
| Framleiðslueldhús | 2021 |
| Miðlæg stjórnsýsla | Ár |
| Þjónusta við fasteignir - framkvæmda- og eignasvið | 2012 |
| Greining skipulags- og byggingarsviðs á Borgarsamfélagið | 2012 |
| Betri Reykjavík fyrir konur og karla | 2012 |
| Greining á atvinnuáttaki | 2013 |
| Þjónusta mannréttindaskrifstofu við innflytjendur og styrkir | 2013 |
| Áhrif leikskólalokunar á atvinnupátttöku | 2014 |

Á mynd 3 má sjá stöðu greininga á sviðum borgarinnar með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustupátta samkvæmt Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021² og 2020 til samanburðar.



Mynd 3. Greining þjónustupátta sem hlutfall af heildar fjármagni sviða skv. fjárhagsáætlun 2021 og 2020.³

Skýringar með mynd 3:

*Ákveðnir þættir innan þjónustupátta hafa verið skoðaðir (sbr. yfirlit í töflu 1) en ekki þjónustupættir í heild sinni.

**Ekki hafa verið framkvæmdar KFS greiningar á þjónustupáttum MOS.

***ÞON er ungt svið og ekki hefur verið lokið við KFS greiningu á þjónustupáttum sviðsins. Sviðið hefur þó gert áætlun um slíkar greiningar og er gert ráð fyrir að fyrsta greiningin verði birt snemma árs 2022 (sbr. áætlun sviðsins í viðauka IV).

Frístundakortið

Íþrótt- og tómstundasvið skoðaði þjónustupáttinn Frístundakort út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Þróun á þátttöku barna í skipulagðri íþrótt- og tómstundastarfsemi var skoðuð fyrir tímabilið 2012-2020. Gögnum var safnað um nýtingu frístundakortsins eftir kyni, búsetu og aldri. Markmið verkefnisins var annars vegar að skoða hvort að aukning hefði verið á þátttöku barna með tilkomu frístundakorts og hins vegar reyna að skoða hvernig þátturinn aðgengi hefur áhrif á þátttöku.

Helstu niðurstöður og næstu skref:

- Hærra hlutfall drengja en stúlkna nýta frístundastyrk.
- Flestar stúlkur eru í tónlistarnámi, þar á eftir eru fimleikar vinsælastir og í þriðja sæti er knattspyrna.

² Samþykkt í borgarstjórn 15. desember 2020:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/fjarhagsaaetlun_rvk_2021.pdf

³ Hjá öllum sviðum hefur kostnaður vegna yfirstjórnar verið frátalinn. Hjá USK eru einnig nokkrir þjónustupættir fráskildir þar sem að þegar áætlun var sett saman fyrir nokkrum árum var ákveðið að undanskilja nokkra þjónustupætti þar sem talið var að þar væru engin kynjasjónarmið undir sem þyrftir að greina. Í samræmi við áherslur ráðgjafahóp um KFS verða þessir þjónustupættir aftur teknir til skoðunar og verði ákveðið að þeir séu í samræmi við fyrri ákvörðun ekki á áætlun vegna greininga, þá fylgir því rökstuðningur til stýrihóps KFS sem samþykkir eða hafnar þeirri tilhögun

- Áberandi flestir drengir eru í knattspyrnu, þar á eftir kemur handbolti og tónlistarnám.
- Takmarkanir vegna Covid19 höfðu meiri áhrif á þátttöku stúlkna en drengja. Slakari nýting stúlkna árið 2020 má að mörgu leyti skýra með því að þær sækja frekar tónlistarnám og greinar sem bjuggu við miklar takmarkanir í faraldrinum. Nýting drengja þar sem mjög hátt hlutfall velur knattspyrnu hefur ekki orðið eins mikið fyrir áhrifum faraldursins. Reykjavíkurborg kallaði eftir gögnum um brottfall frá félögum árið 2021, en þau gögn sýndu ekki fram á að mikið brottfall væri til staðar. Hins vegar lengdu mörg félög tímabil þar sem starfsemi hafði verið skert og því komu skráningar ekki fram fyrir en á árinu 2021. Ljóst er að fylgjast þarf með þessari þróun næstu ár.
- Það að ráðstöfun stúlkna hafi fram til 2019 verið lægri en drengja vekur einnig upp spurningar. Gera þarf sérstaka rannsókn á þeim greinum sem kynin velja, skoða á hvaða aldri brottfall hefst og hverjar ástæðurnar eru. Í fyrri rannsóknum á Frístundakorti hefur verið sýnt fram á að mest þátttaka er hjá börnum í hópnum 6-9 ára og 10-12 ára fylgir þar fast á eftir, en eftir það byrjar ráðstöfunum að fækka. Gera þarf kyngreinda rannsókn á því hvort munur sé á því hvenær brottfall hefst eftir þeim greinum sem börn velja.
- Einnig kom fram að þörf er á því að rannsaka betur aðstöðumun barna í borginni, því ljóst er að börn hafa ekki öll jafnan aðgang að tómsundum innan síns hverfis. Hverfi 104, 105 og 112 ná best að þjónusta sín börn en hverfi 108 síst.
- Að lokum má benda á að þörf er á betra tæki til þess að skoða skráningar barna sem ekki nýta Frístundakort, en eru skráð í tómsundir. Jafnframt þyrfti að vera hægt að skoða gögnin eftir nánari búsetu s.s. skólahverfum til þess að greina þátttöku betur.

Miðstöð útivistar og útináms

Við greiningu á helstu verkefnum miðstöðvar útivistar og útináms (MÚÚ) með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar er varpað ljósi á þætti sem starfsfólk MÚÚ hefur alla jafna ekki leitt hugann að á skipulagðan hátt. Þegar rýnt er í starfsemina kemur í ljós að margt í starfseminni hefur jákvæð jafnréttisáhrif en einnig kemur í ljós að ýmislegt má skoða betur og markvissar út frá jafnréttissjónarmiðum.

Með fræðslutilboði í Perluna Museum og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn til grunnskóla Reykjavíkur er verið að tryggja aðgengi barna að þessum stöðum á skólagöngu sinni, óháð fjárhag. Því mætti segja að þetta fræðslutilboð hafi mjög jákvæð jafnréttisáhrif. Hins vegar þyrfti að skoða hvort ennþá séu einhverjar hindranir fyrir skóla til að nýta sér þetta tilboð.

Skíðað á skólatíma og samstarfið við Birtu stoðdeild eru önnur dæmi um verkefni sem hafa mjög mikil jákvæð jafnréttisáhrif. Bæði verkefni eru til þess fallin að gefa börnum reynslu og upplifun sem, vegna aðstæðna eins og t.d. fátæktar, tungumála eða fjölskyldu ættu annars ekki kost á henni.

Einnig kemur það mjög sterkt fram að eftir því sem kennarar þurfa minna að hugsa um samgöngur, kostnað vegna þeirra og skipulagningu, því líklegri eru þeir til að nýta fræðslutilboð sem skólum standa til boða. Á síðasta starfsári (2020-2021) var tilraunaverkefni í rútuþjónustu í gangi hjá MÚÚ sem tókst mjög vel. Gert er ráð fyrir að endurtaka tilraunina á þessu starfsári. Mikilvægt er að rýna þetta verkefni vel eftir að því líkur til að skoða áhrif þess með tilliti til jafnréttissjónarmiða.

Skoða þarf betur upplýsingagjöf á vefsíðu MÚÚ varðandi:

- Aðgengi hreyfihamlaðra að dagskrá og námskeiðum MÚÚ. Einnig þarf að skoða mögulegt samstarf við hagsmunaaðila hreyfihamlaðra og annara hópa með sérþarfir. Sem dæmi um samstarf væri útfærsla á dagskrá fyrir sértæku félagsmiðstöðvarnar og betra aðgengi, t.d. að klifurturni.
- Upplýsingagjöf um það hráefni sem notað er til matargerðar í dagskrá MÚÚ.
- Hvort ástæða sé til að upplýsingar frá MÚÚ og efnisþættir í dagskrá séu þýddir yfir á önnur tungumál.

Einnig þarf að skoða betur hvort hægt sé að höfða meira til karlkyns kennara og leiðbeinenda við val á námskeiðum og annarri dagsskrá, en svo virðist sem þeir séu síður að skrá sig á námskeið eða í aðra dagsskrá hjá MÚÚ.

Eftir að hafa rýnt helstu starfsemi MÚÚ með aðferðafræði KFS er ljóst að nauðsynlegt er að skoða starfsemina reglulega út frá jafnréttissjónarmiðum og setja niður sértækar aðgerðir og markmið í starfsáætlun sem stuðla að því að jafnréttisáhrif fléttist inn í alla starfsemi MÚÚ.

Greining á þróunarstyrkjum menntastefnu B hluti

Skoðaðar voru áherslur sjóðsins þessi ár og hvernig þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og hvort þær komi jafnt til móts við börn og unglunga af öllum kynjum. Einnig var leitast við að fá yfirsýn yfir jafnréttisáhrif styrkja með tilliti til jaðarhópa s.s. barna með fötlun, barna með annað móðurmál en íslensku, hinsegin barna og barna sem búa við fátækt. Einnig voru skoðuð kynjahlutföll styrkþega þessi ár og hvernig styrkirnir dreifast á hverfi borgarinnar og aldurshópa barna og unglunga.

Helstu niðurstöður:

Í [leiðbeiningum](#) um gerð styrkumsóknar er tilgreint að markmið verkefnisins sem sótt er um þurfi að byggja á menntstefnu Reykjavíkur og taka þarf fram hvernig þau falla að **jafnréttismarkmiðum Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar**. Í [umsóknareyðublaði](#) er farið fram á að umsækjendur geri grein fyrir þeim aðstæðum í félagslegu og námslegu umhverfi starfsstaðarins sem gera það að verkum **að mikilvægt sé að fara í umrætt verkefni**. Í matsblaði sem úthlutunarnefndir hafa til hliðsjónar við val á verkefnum sem hljóta styrki er meðal annars metið hvort verkefnið **hafi jafnréttisgildi**. Í [skýrsluformi](#) sem ætlast er til að notast sé við til að skila skýrslu um verkefnið í lok hvers árs er ætlast til að sagt sé frá markmiðum verkefnisins þ.m.t. **jafnréttismarkmiðum**.

- Kynjahlutfall í úthlutunarnefndum í samræmi við kynjahlutfall starfsfólks SFS (um 80% konur og 20% karlar).
- Starfsmenn nefndanna hafa í öllum tilfellum verið konur.
- Kynjahlutfall verkefnastjóra í verkefnum sem hafa fengið styrk einnig í samræmi við kynjahlutfall starfsfólks SFS
- Mjög sambærilegt hlutfall hvað varðar tengiliði samstarfsaðila.
- Sama með kynjahlutfall verkefnisstjóra og samstarfsaðila verkefna sem hefur verið hafnað.
- 42% verkefna sem leidd eru af körlum hafa fengið styrk og 49% þeirra verkefna sem leidd eru af konum.
- Lang flest verkefni eru unnin í samstarfi þvert á hverfi
- Öll hverfin hafa hlotið styrki.
- Breiðholt, sem hefur fengið hæstu fjárhæðina af hverfunum, er með stóran hluta barna með annað móðurmál en íslensku og miðgildi ráðstöfunartekna fjölskyldna í skólahverfum borgarinnar er lægst í Breiðholti.
- Hverfið Laugardalur/Háaleiti hefur fengið minnstu upphæðina og fæst verkefni hafa verið styrkt þar.
- Flest þróunarverkefni eru ætluð börnum og unglingum á aldrinum 6 – 16 ára.
- Ekkert samstarfsverkefni leikskóla og yngsta stigs grunnskóla hefur verið styrkt á þessu tímabili.
- Fá verkefni þar sem unnið er með leikskólaaldurinn.
- Flestar umsóknir sem hafa fengið styrk miðast að því að verkefni nýtist bæði stúlkum og drengjum óháð bakgrunni eða atgervi.
- Nokkrar veittar umsóknir leggja áherslu á hópa sem flokkast sem jaðarhópar.
- Mikil áhersla lögð á að hugmyndir að verkefnum séu viðbrögð við áskorunum sem birtast í starfsumhverfinu, byggt á rannsóknum.

- Sú áhersla eykur líkurnar á því að komið sé til móts við hópa sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning.

Tillögur að aðgerðum:

Framvegis þegar úthlutunarnefndir fá umsóknirnar sendar verði þeim jafnframt sendur **hlekkur á mannréttindastefnu borgarinnar** og nefndarmeðlimir beðnir um að hafa hana til hliðsjónar við mat sitt ásamt menntastefnunni.

Stjórnendur í hverfinu **Laugardalur/Háaleiti** verði sérstaklega hvattir til að sækja um í sjóðinn til að fjölga verkefnum í því hverfi.

Stjórnendum leikskóla verði veittur stuðningur og hvatning til að sækja um í sjóðinn til að fjölga verkefnum sem snúa að börnum á leikskólaaldri.

Skoðað verði með stafrænum leiðtoga SFS hvort gera eigi **umsóknareyðublaðið rafrænna** þannig að auðvelt væri að kalla fram hvort verkefni styðji við mannréttindastefnu Reykjavíkur (umsækjendur haki við t.d. kyn, uppruna, aldur barna og tiltekna jaðarhópa). Það má þó ekki verða á kostnað þess að áherslan minnki á innleiðingu menntastefnunnar sem er aðal tilgangur styrkjanna.

Æskilegt að matsblað úthlutunarnefnda fyrir hvert verkefni verði einnig **rafrænt** og þannig verður matsferlið gegnsærra.

Deild náttúru og garða

Deild náttúru og garða undirbýr stefnumótun og ber ábyrgð á gerð forathuganna og forsagna varðandi græn svæði, gróður og leiksvæði. Deildin sinnir náttúruvernd, undirbýr stefnumótun og framkvæmd stefnu um líffræðilegan fjölbreytileika. Undir deildina heyra meindýravarnir borgarinnar, Grasagarður Reykjavíkur, Ræktunarstöð og Vinnuskóli. Grasagarður, meindýravarnir og Vinnuskólinn hafa áður farið í KFS greiningu og voru þær þjár einingar því undanskyldar greiningunni.

Starfshópurinn leggur til eftirfarandi aðgerðir:

- Leiksvæðastefna Reykjavíkurborgar verði endurskoðuð og uppfærð.
 - Farið verið yfir hvað þarf að hafa í huga við hönnun á leiksvæðum út frá kynja og jafnréttissjónarmiða. Sambærilegir gátlistar út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum líkt og eru til staðar fyrir öryggissjónarmið.
 - Kortlagning af leiksvæðum Reykjavíkur skoðuð út frá íbúasamsetningu og skoðað hverjir eru að nýta sér leiksvæðin.
- Kortlagning notenda á grænum svæðum borgarinnar og útivistarsvæðum, hverjir eru í meirihluta notenda þeirra.
- Óskað verður eftir meiri þátttöku Íbúaráða til að auka samráð við notendur og fá þannig fjölbreyttari aðkomu að ákvarðanatöku og uppbyggingu á leiksvæðum, grænum svæðum og útivistarsvæðum.
- Hvað varðar starfsemi Ræktunarmiðstöðvarinnar þá mætti rýna betur vinnutíma starfsfólks með aðferðafræði KFS og yrði það þá gert samhliða öðrum starfstöðvum Umhverfis- og skipulagssviðs sem einnig hafa þennan vinnutíma. Vinnutíminn samræmist illa fjölskyldustefnu Reykjavíkurborgar og einnig hafa rannsóknir sýnt fram á mun milli kynja er kemur að heimilisábyrgð. Ekki eru lagðar til frekari aðgerðir vegna stöðu þjónustubáttarins frá sjónarhóli kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar

Stefnumótun og greining

Innan þjónustubáttarins eru m.a. aðalskipulag og loftlagsáætlun og aðgerðaáætlun í loftlagsmálum. Aðalskipulag borgarinnar leggur áherslu á fjölbreytta borg fyrir alla, aðkomu fjölbreyttra hópa að ákvarðatöku og aðgengi fyrir alla og vísað er í mannréttindastefnu borgarinnar. Í greiningunni kemur fram að mikilvægt er að meta þróun borgarinnar ár hvert með tilliti til markmiða aðalskipulags.

Loftlagsáætlun borgarinnar fyrir tímabilið 2021-2025 fylgdi jafnréttismat (sjá nánari umfjöllun á bls. 15).

Starfshópurinn leggur til eftirfarandi aðgerðir:

- Bætt verði við mælikvörðum í aðalskipulag sem fangi enn betur en nú, upplýsingar um framfylgd aðalskipulags út frá jafnréttissjónarmiðum. Til dæmis:
 - a. Stýring grunnþjónustu í hverjum hvað varðar byggingu og starfsemi grunn- og leikskóla og samræmi við uppbyggingu íbúðahúsnæðis innan hverfis, þ.e. að hugað sé snemma að uppbyggingu skólastofnanna í tengslum við íbúðauppbyggingu til að íbúar þurfi ekki að leita grunnþjónustunnar utan hverfis.
 - b. Skoða að nýta fleiri mælikvarða á umhverfisgæði hverfa, t.d. aðgengi að grænum svæðum, mælingar á mengun, svifryki og hljóðvist.
 - c. Gerðar séu ráðstafanir til að fylgjast á fullnægjandi hátt með hlutfalli innflytjenda og tekjustigi innan hverfa til að vakta hvort hverfi stefni í að verða of félagslega einsleit og hvort sú einsleitni tengist árangri á framfylgd annarra þátta í aðalskipulagi, þ.e.a.s. aðgengi að hvers kyns gæðum og þjónustu sem aðalskipulagið miðar að því að tryggja í allri borginni.
- Jafnréttisgreining fylgi loftslagsbókhaldi (eða komi í kjölfar þess) sem er lagt fram árlega.
- Reykjavíkurborg setji sér markmið um rannsóknir á félagslega þættinum í tengslum við loftslagsmál og aðalskipulag. Mat á hvers konar rannsókna sé þörf sé framkvæmt á grundvelli upplýsingar úr loftslagsbókhaldi.
- Deild gæða og öryggis haldi utan um upplýsingar um kyn og uppruna í slysskráningum og taki tillit til þess í greiningum og aðgerðum varðandi öryggismál.

Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra

Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra var greind af skipuðum vinnuhóp hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Við greininguna voru notaðar lykiltölur og önnur tölfræðileg gögn, ásamt faglegu mati sérfræðinga sem starfa í málaflokknum. Niðurstaða greiningarinnar er sú að framkvæmd þjónustunnar í dag stuðlar að mörgu leyti að jafnrétti kynja og annarra jaðarhópa og er í samræmi við markmið þjónustunnar. Hins vegar er hægt að bæta og auka þjónustu enn frekar við þessa hópa. Sem dæmi mætti greina hvort tekjulægsti hópurinn hafi kost á að nýta sér þjónustuna og hvort hægt sé að lækka kostnað þeirra til að koma í veg fyrir enn frekari einangrun þessa hóps. Einnig þarf að endurskoða ferla og reglur til að minnka hindranir í þjónustu vegna ólíks skilnings Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar á reglum. Notendur þjónustunnar teljast allir til jaðarsettra hópa og kynjahlutfall notenda er nokkuð jafnt. Áhrif þjónustunnar hefur þó heilt yfir meiri áhrif á stöðu kvenna, sem aðstandendur aldraðra og fatlaðra.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|--|--|---------------|--------------------------|
| Einfalda aðgengi fólks á hjúkrunarheimilum að akstursþjónustu. | Skýrari reglur annars vegar varðandi aldraða og hins vegar varðandi fatlaða. | Velferðarsvið | Ljúka fyrir árslok 2023. |
| Rýmri reglur fyrir aldraða sem að tímabundið geta ekki keyrt en þurfa að komast í endurhæfingu til dæmis eftir slys. | Endurskoða núverandi reglur um þjónustu vegna tímabundinnar fötlunar. | Velferðarsvið | Ljúka fyrir árslok 2023. |
| Auka aðgengi upplýsinga fyrir erlenda notendur. | Birta ítarlegar upplýsingar um þjónustuna á fleiri tungumálum en íslensku. | Velferðarsvið | Ljúka fyrir árslok 2022. |

Fjárhagsaðstoð

Skoðuð var greiðsla framfærslustyrks á árinu 2020 m.t.t. aldurs, kyns og þjóðernis notenda. Stuðst var við gögn úr málaskrá Velferðarsviðs.

Helstu niðurstöður

- Árið 2020 var heildarfjöldi notenda framfærslustyrks 2.539 en þar af voru um 60% karlar og 40% konur. Heildarfjárhæð framfærslustyrks var 2.105 m.kr. og var um 63% greitt til karla og 37% til kvenna.
- Notendur með erlent ríkisfang er sá hópur sem hefur fjölgað mest á fjárhagsaðstoð sl. ár. Það er sá jaðarhópur sem þarf að beina sjónum að, en frá árinu 2012 til 2020 hefur hann stækkað úr 10% í 38%. Karlmenn eru í meirihluta eða 62%. Hjón með erlent ríkisfang eru 85% hjóna á fjárhagsaðstoð.
- Meðalfjárhæð á árinu pr. karlkyns notanda var 1.138.224 kr. og meðalfjárhæð pr. kvenkyns notanda var 991.886 kr. Skýring á þessum mun er mismunandi meðalfjöldi aðstoðarmánaða á árinu.
- Meðalfjárhæð framfærslustyrks pr. aðstoðarmánuð að teknu tilliti til skerðingar vegna annarra tekna og/eða 3. gr. reglna var 169.598 kr. hjá karlkyns notendum og 161.918 kr. hjá kvenkyns notendum. Meðalgreiðsla allra útborgana var 166.543 kr. á árinu 2020.
- Færri karlar eru með eigið heimilishald en konur óháð ríkisfangi en 23% karla með erlent ríkisfang voru með eigið heimilishald á móti 26% karla með íslenskt ríkisfang. Konur með íslenskt ríkisfang voru aðeins fleiri með eigið heimilishald en konur með erlent ríkisfang eða 52% á móti 44%. Karlar búa frekar inni á öðrum en konur óháð ríkisfangi, þó eru karlar með erlent ríkisfang stærsti hópurinn sem býr inni á öðrum.
- Árið 2020 voru greiðslur skertar skv. heimildum 3. gr. reglna um fjárhagsaðstoð hjá 65 notendum eða 2,5% allra notenda. Af þeim 65 sem hlutu skerðingu skv. 3.gr. reglna voru 68% karlar og 32% konur.
- Meðalfjöldi aðstoðarmánaða allra notenda árið 2020 var 6,1. Hjá körlum var meðalfjöldi 6,3 en hjá konum 5,8 þegar allir aldurshópar eru taldir. Konur í aldurshópnum 19 ára og yngri eru styst á fjárhagsaðstoð eða að meðaltali í 3,7 mánuði. Karlar í aldurshópnum 67 ára og eldri eru lengst á fjárhagsaðstoð eða að meðaltali 9,0 mánuði.
- Konur eru í miklum meirihluta starfsmenn sem koma að fjárhagsaðstoð til framfærslu en tveir karlmenn hafa starfað við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar. Ríkisfang starfsmanna sem sinna fjárhagsaðstoð er að mestu leyti íslenskt en stefnt er að því að ráða inn fleiri starfsmenn með fjölþætta tungumálakunnáttu.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|--|--|---|---|
| Draga úr þörf erlendra notenda fyrir fjárhagsaðstoð til lengri tíma. | Veita fræðslu og vinna með Vinnumálastofnun að virkri atvinnuþátttöku | Velferðarsvið (Virknimiðlun, Virknihús og þjónustumiðstöðvar) | Verkefni sem er sífellt í gangi á meðan að notendur sækja um fjárhagsaðstoð |
| Dregið verði úr þörf ungra einstaklinga fyrir fjárhagsaðstoð til lengri tíma | Markviss ráðgjöf og stuðningur um leið og ungir notendur sækja um fjárhagsaðstoð | Velferðarsvið(Virknimiðlun, Virknihús og þjónustumiðstöðvar) | Verkefni sem er sífellt í gangi á meðan að notendur sækja um fjárhagsaðstoð |

Framleiðslueldhús

Skoðuð var matarþjónusta fyrir aldraðra, öryrkja og heimilislaua veitt af velferðarsviði með aðferðarfræði kynjaðar fjárhags- og starfsáætlunar. Kostnaður við þjónustu á árinu 2020 m.t.t. aldurs og kyns notenda var greindur. Stuðst var við gögn úr kerfum framleiðslueldhússins og velstat vefsins og gögnum sem við söfnuðum að okkur á meðal móttökueldhúsa. Samanburðargrunnur fyrir kynjagreiningu viðskiptavina matarþjónustu byggir á fjölda viðskiptavina í matarþjónustu sem skráðir eru í Agresso, Master Cader og excelskjali v. Covid 19 hjá velferðarsviði.

Helstu niðurstöður:

- Samanburðargrunnur fyrir kynjagreiningu viðskiptavina matarþjónustu í móttökueldhúsum var sóttur úr Agresso. Alls voru 632 einstaklingar sem fengu mat í móttökueldhúsunum. Voru það 386 konur eða 61% og 246 karlar eða 39%.
- Samanburðargrunnur fyrir kynjagreiningu viðskiptavina velferðarsviðs í matarþjónustu með heimsendan mat var sóttur úr Master Cader. Fjöldi er alls 1347 einstaklingar þar af 421 karl (31%) og 641 kona (48%) einstæðar mæður voru tvær (0,15%), hjón eða sambýliefólk 281 (21%) og tvenn hjón eða sambýliefólk með börn (0,15%). 66 ára og yngri voru 16%.
- Á Vitatorgi var gerð greining úr excel skjali vegna sóttvarna fyrir Covid 19. Þetta var fjögurra vikna skráning á matargestum sem gerð var á tímabilinu 1. - 25. mars 2021. Við komu voru skráðar kennitölur matargesta í skjal og við úrvinnslu á fjölda gesta var talinn fjöldi einstaklinga eftir kennitölu sem mætti í mat á þessu tímabili. Á tímabilinu komu alls 251 einstaklingar í mat, þar af voru 72 konur (29%) og 179 karlar (71%). Tímabilið sem um ræðir er ekki langt en niðurstöður kynjahlutfalls endurspeglar vel stöðuna á Vitatorgi þar sem mikill meirihluti matargesta þar alla daga eru karlmenn.
- Starfsmenn framleiðslueldhúss og móttökueldhúsa voru alls 71 þar af 55 konur (77%) og 19 karlar (26%). Meðalaldur karla er 34 ár og kvenna 49 ár. Þar af eru starfsmenn í akstursþjónustu við heimsendingu matar og sendingar á heitum mat í móttökueldhúsa alls sex, þar af tvær konur og fjórir karlar.

Jafnréttisskimun og jafnréttismat

Samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar, sem samþykktar voru í borgarstjórn 1. desember 2015, skal greina jafnréttisáhrif m.t.t. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á tillögum (viðaukum) sem lagðar eru fram um breytingar á samþykktri fjárhagsáætlun, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar fjárheimilda. Skima á allar tillögur sem hafa fjárhagsleg áhrif, hvort heldur sem er vegna viðauka, fjárfestinga eða fjárhagsáætlunar komandi árs.

Jafnréttismat og jafnréttisskimun er hluti af vinnu við kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS), en kynjuð fjárhags- og starfsáætlun er tæki sem notað er til þess að stuðla að auknu jafnrétti og betri nýtingu fjárs. Við forgangsröðun í fjárhags- og starfsáætlunargerð er mikilvægt að gæta að hagkvæmri nýtingu fjármuna í samræmi við jafnréttismarkmið borgarinnar og ólíkar þarfir einstaklinga. Framkvæmd jafnréttismats og jafnréttisskimunar nýtist til þess að koma jafnréttissjónarmiðum að við undirbúning og skipulag vinnu.

Leiðbeiningar vegna gerð jafnréttismats, FMS-LBE-156⁴ voru gefnar út í júlí 2018 auk þess sem nýtt eyðublað vegna jafnréttisskimunar, FMS-EBL-029⁵, var tekið í notkun. Með jafnréttisskimun eru metin með einföldum hætti áhrif tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin er greiningartæki sem auðveldar stjórnendum og kjörnum fulltrúum að forgangsráða ráðstöfun fjármuna með tilliti til þess að stuðla að jafnrétti. Jafnréttismat er dýpri greining á jafnréttisáhrifum. Fáí tillagan brautargengi, getur verið ástæða til þess að vinna jafnréttismat á verkefninu eða þjónustuþættinum sem það varðar í heild sinni.

Í upphafi árs 2021 var samþykkt að stofna starfshóp til að yfirfara skipulag og framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismats. Starfshópurinn skilaði af sér tillögum um mitt ár 2021 sem voru samþykktar af borgarráði í janúar 2022. Nánar er fjallað um störf starfshópsins í næsta undirkafla.

Starfshópur um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats

Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun samþykkti á fundi sínum þann 22. janúar 2021 að stofnaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að yfirfara og endurskipuleggja verklag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats. Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 1. mars til 31. maí 2021. Á fundi stýrihóps KFS þann 15. júní 2021 var farið yfir tillögur starfshópsins og ákveðið að gefa fag- og kjarnasviðum borgarinnar tækifæri til að rýna skýrsluna. Þann 23. júní 2021 var sviðsstjórum Reykjavíkurborgar send skýrslan og gefinn kostur á að rýna hana og koma með athugasemdir. Frestur til að skila inn umsögn var til 6. ágúst. Þrjú svið skiluðu inn athugasemdum í tölvupósti til verkefnastýru kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Á fundi borgarráðs þann 20. janúar 2022⁶ var skýrslan og tillögurnar sem þar eru settar fram samþykktar og unnið er að því að koma þeim í framkvæmd. Tillögurnar má sjá í töflu 2.

⁴ Sjá viðauka IV

⁵ Sjá viðauka V

⁶ https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/15a_skil_a_styrslu_starfshops_um_framtidarskipulag_og_framkvaemd_jafnrettisskimunar_og_jafnrettismats.pdf

Tafla 2. Yfirlit yfir tillögur starfshóps.

| Nr. | Flokkur | Tillaga | Ábyrgð |
|-----|------------------------------|--|---|
| 1 | Rafvæðing jafnréttisskímunar | Eyðublað jafnréttisskímunar verði rafvætt | Verkefnastýra KFS |
| | | Upplýsingar um framkvæmd jafnréttisskímana sniðnar inn í Agresso | Áætlana og uppgjörsskrifstofa FÁST |
| | | Reit bætt í Excel skjal fjárfestingaráætlunar þar sem niðurstaða jafnréttisskímunar er flokkuð svk. ákveðnum valmöguleikum | Eignaskrifstofa FÁST |
| 2 | Leiðbeiningar og fræðsla | Uppfærðar leiðbeiningar með jafnréttisskímun og jafnréttismati | Verkefnastýra KFS |
| | | Útbúið verði verkfærakista á Fróða sem starfsfólk getur leitað í | Verkefnastýra KFS |
| 3 | Sniðmát fyrir jafnréttismöt | Útbúið verði sniðmát fyrir jafnréttismöt | Verkefnastýra KFS |
| 4 | Undanþágulistar | Ákveðin atriði séu undanþegin jafnréttisskímunum | Stýrihópur KFS |
| 5 | Eftirlit og endurgjöf | Kveðið sé á um að jafnréttisskímanir eigi að fylgja málum þegar þau fara fyrir borgarráð. Skrifstofa borgarstjórnar sér til þess að verklaginu sé fylgt, með því að kalla eftir skímunum þegar þær fylgja ekki með málum. | Skrifstofa borgarstjórnar |
| | | Eignaskrifstofu FÁST verði falið að útfæra eftirlit með því að jafnréttisskímanir fylgi fjárfestingartillögum sviða, ásamt því að skrifstofan skili árlega gögnum til verkefnastýru KFS | Eignaskrifstofa FÁST |
| | | Áætlana- og uppgjörsskrifstofu á fjármála- og áhættustýringasviði verði falið að útfæra eftirlit með að jafnréttisskímanir fylgi með rýningu á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviða og viðaukum við fjárhagsáætlun, ásamt því að skila árlega gögnum til verkefnastýru KFS. | Áætlana og uppgjörsskrifstofa FÁST |
| | | Verkefnastýra KFS fer árlega yfir allar skímanir og jafnréttismöt og rýnir innihald skímananna frá hverju sviði. Í kjölfarið er svo fundur með hverjum KFS starfshóps þar sem veitt er endurgjöf um hvað er vel gert og hvað mætti gera betur. | Verkefnastýra KFS |
| 6 | Ábyrgð og verkaskipting | Starfshópurinn leggur til að skjalfesta ákveðna ábyrgð og verkaskiptingu | Stýrihópur KFS |
| | | Verkefnastýra KFS flytji ótímabundið á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. | Sviðsstjóri FÁST |
| | | Til að styrkja framkvæmd KFS innan skrifstofa ráðhúss er lagt til að skrifstofur ráðhúss sameinist um að stofna starfshóp líkt og er á hverju fag- og kjarnasviði. | Stýrihópur KFS |
| 7 | Miðlægt svæði KFS | KFS fái sér svæði inná Fróða þar sem allar leiðbeiningar, eyðublöð, sniðmát, fræðsla, ferlar, ársskýrsla, handbók, upplýsingar um stýrihóp, starfshópa og verkefnastýru og aðgangur að rafvæddum jafnréttisskímunum er á einum stað aðgengilegt fyrir starfsfólk | Verkefnastýra KFS |
| 8 | Ferlar | FÁST og verkefnastýra KFS hafi umsjón með og uppfæri reglulega alla ferla í samræmi við breytt KFS verklag | Áætlana og uppgjörsskrifstofa FÁST og verkefnastýra KFS |
| | | Ferill jafnréttisskímana og -mata verði teiknaður upp með skýrum hætti | Verkefnastýra KFS |
| | | Tækifæri eru til að skrifa verkferli og markmið KFS betur inn í reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborgar og fjármálastefnu | Stýrihópur KFS |

Viðaukar við samþykktu áætlun 2021

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar skal breytingum á fjárhagsáætlun (viðauka) fylgja greinargerð sem m.a. varpar ljósi á áhrif tillögunnar á kynin og þá hópa sem mannréttindastefna borgarinnar tekur til. Í greiningunni skal huga bæði að hagsmunum notenda þjónustu og þeirra sem veita hana nema í þeim undantekninga tilvikum þar sem slíkt mat á ekki við.

Samþykkt hefur verið að eftirfarandi sé undanþegið jafnréttisskimun:

- Verkefni/Tillögur sem bera kostnað undir 4 m.kr.
- Kjarasamningsbundnar launahækkanir og endurmat starfa
- Flutningur á afgangi og halla
- Flutningur fjárheimilda milli þjónustupátta/sviða, ef ekki er um að ræða eðlisbreytingu á verkefni/þjónustu
- Breyting/endurmat á tekjum frá þriðja aðila t.d. jöfnunarsjóð, ríki
- Breyting/endurmat á skuldbindingum við þriðja aðila (þ.m.t. B-hlutafélög), ef undirliggjandi samningur gefur tilefni til að fjárhæðir geti breyst í samræmi við ákveðnar forsendur, t.d. launavísitölu, verðbólgu, gjaldskrárbreytingar ytri aðila, en skuldbinding/samningur er að öðru leyti óbreytt/-ur
- Magnbreytingar/magntölur í þegar samþykktum verkefnum/þjónustupáttum geta verið undanþegnar jafnréttisskimun, t.d. fjölgun barna í skólum/leikskólum. Magnbreytingar geta verið ólíkar og því eðlilegt að eftirlitsaðili geti óskað eftir jafnréttisskimun vegna þessara breytinga telji hann þörf á
- Breytingar á fjárfestingaáætlun ef ekki er um að ræða eðlisbreytingu á verkefni/þjónustu eða flutning milli þjónustupátta/sviða

Breytingar á samþykktu fjárhagsáætlun A hluta Reykjavíkur 2020 námu samtals 4.521.819 þús. kr.⁷. Alls voru gerðir 95 viðaukar við samþykktu áætlun 2021, sjá töflu 3. Sumir viðaukar eru undanþegnar jafnréttisskimun (sbr. undanþágulista). Þegar undanþegnar viðaukar eru dregnir frá þá ætti að skima 29 viðauka samtals að upphæð 1.552.346 þús. kr. Framkvæmdar voru skimanir á 19 af þessum viðaukum að upphæð 1.013.315 þús. kr., eða sem nemur 65% af heildar upphæðinni.

Tafla 3. Viðaukar og skimanir við samþykktu fjárhagsáætlun 2021.

| Svið | Viðaukar (n) | Viðaukar (þús. kr.) | Undanþegið skimun (þús. kr.) | Viðaukar til skimunar (þús. kr.) | Skimað (n) | Skimað (þús. kr.) | Skimað (%) |
|----------------|--------------|---------------------|------------------------------|----------------------------------|------------|-------------------|------------|
| ÍTR | 12 | 169.629 | 116.255 | 53.374 | 2 | 34.874 | 65% |
| MOF | 12 | 374.620 | 59.456 | 315.164 | 4 | 81.436 | 26% |
| MOS | 3 | 42.075 | 1.575 | 40.500 | 0 | 0 | 0% |
| SFS | 19 | 1.273.084 | 1.031.731 | 241.353 | 1 | 9.050 | 4% |
| USK | 10 | 932.528 | 732.528 | 200.000 | 3 | 200.000 | 100% |
| VEL | 30 | 1.586.560 | 963.398 | 623.162 | 7 | 623.162 | 100% |
| ÞON | 9 | 143.323 | 64.530 | 78.793 | 2 | 64.793 | 82% |
| Samtals | 95 | 4.521.819 | 2.969.473 | 1.552.346 | 19 | 1.013.315 | 65% |

Skv verklagi KFS á að jafnréttisskima öll ný verkefni og tillögur vegna undirbúnings á fjárfestingaráætlun. Ekki var unnt að draga fram upplýsingar um jafnréttisskimun vegna verkefna sem enduðu í fjárfestingaráætlun að svo stöddu, en markmiðið er að slíkt yfirlit verði gert héðan í frá.

⁷ Hér eru undanskildir viðaukar sem heyra undir FÁST, Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu og sameiginlegan kostnað.

Jafnréttismat á Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021-2025

Í jafnréttismatinu⁸ kemur fram að mikilvægt sé að líta til þess að loftslagsbreytingar, og aðgerðir vegna þeirra, hafa líkt og aðrar aðgerðir misjöfn áhrif á mismunandi hópa samfélagsins. Reynslan og rannsóknir sýna að hamfarir af völdum loftslagsbreytinga hafa skaðlegust áhrif á aldraða, fátækt fólk og börn. Sé það sett í samhengi við kyn eru konur í meirihluta eldra fólks, fleiri konur glíma við fátækt en karlar auk þess sem konur bera mesta ábyrgð á umönnun barna. Einnig er mikilvægt að taka mið af því að neyslu-, og ferðavenjur kynjanna eru ólíkar og því vert að taka mið af þessum kynbundna mun í markmiðasetningu og árangurmælikvörðum. Með því að líta til kynja- og jafnréttissjónarmiða í aðgerðaráætlun erum við líklegri til þess að ná árangri. Í jafnréttismatinu er leitast við að varpa ljósi á þau kynja- og jafnréttisáhrif sem tengjast loftslagsáætluninni, sem tengjast m.a. kynbundnum neyslu- og ferðavenjum, ólaunaðra heimilis- og umönnunarstarfa, viðhorfi og fræðslu.

Niðurstöður jafnréttismatsins benda til þess að full ástæða sé til að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið til hliðsjónar þegar settar eru fram aðgerðir í loftslagsmálum. Til að stuðla að því að markmið stefnunnar náist er meðvitund um kynjaða vídd samfélagsins mikilvæg í allri áframhaldandi vinnu við að magnsetja, kostnaðarmeta og tímasetja aðgerðir áætlunarinnar. Skilaboðin þurfa að ná til allra hópa samfélagsins og því mikilvægt að huga að því hvernig unnt sé að miða skilaboðin að ákveðnum hópum. Þá er mikilvægt að árangurmælikvarðar séu alltaf kyngreindir þegar hægt er. T.d. þarf að tryggja að upplýsingar um notkun mismunandi samgöngumáta séu alltaf kyngreindar auk annarrar magnupplýsinga um þjónustuþega.

⁸ https://reykjavik.is/sites/default/files/2021-10/rvik_loftslagsaaetlun2021-2025_final.pdf (bls 31-34)

Ábendingar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

- **Greiningar þjónustubátta:** Frá árinu 2012 hefur verið unnið að því að greina alla þjónustu borgarinnar með aðferðafræði KFS. Upphaflega var gert ráð fyrir að þeirri vinnu myndi ljúka fyrir árið 2018, en það er ekki raunin. Greining þjónustubátta hefur gengið hægar en vonast var til, og lítið var um greiningar þjónustubátta árin 2019 og 2020. Talsvert hefur verið um að smærri verkefni innan ákveðinna þjónustubátta hafi verið tekin til greiningar. Mikilvægt er að finna leiðir til að takast á við jafnréttisgreiningu stærri þjónustubátta með markvissum hætti og að niðurstöðum greininga sé fylgt eftir.
- **Kyngreind gögn:** Aðgengi að kyngreindum gögnum heldur áfram að vera áskorun. Mikilvægt er að taka gagnamál Reykjavíkurborgar föstum tókum og stuðla að bættu aðgengi að kyngreinanlegum gögnum. Í þessu skyni má vísa til 29. greinar laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (nr. 150/2020) en þar er fjallað um greiningu á tölfræðiupplýsingum og kveðið á um að *opinberir aðilar leitist við að greina á milli kynja við alla tölfræðivinnslu nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því*. Nú þegar er unnið að sjálfvirknivæðingu kjarnakerfa borgarinnar og vöruhúsi gagna, en þar eru mikil tækifæri til að stuðla að bættu aðgengi að kyngreindum gögnum.
- **Framkvæmd jafnréttisskimana:** Frá árinu 2018 hefur markvisst verið unnið að því að innleiða jafnréttisskimun sem verkfæri til að tryggja að farið sé yfir jafnréttisáhrif og –sjónarmið við gerð allra tillagna sem hafa fjárhagsleg áhrif. Skima á allar tillögur sem hafa fjárhagsleg áhrif, hvort heldur sem er vegna viðauka, fjárfestinga eða fjárhagsáætlunar komandi árs. Í greinargerð þessari er yfirlit yfir allar skimanir sem framkvæmdar voru á tímabilinu. Mikilvægt er að komið sé á skilvirkri eftirfylgni með því að verklaginu sé ávallt fylgt, líkt og Starfshópur um endurskoðun á framkvæmdinni benti á.
- **Framkvæmd jafnréttismats:** Ef tillaga er talin hafa jafnréttisáhrif samkvæmt niðurstöðum jafnréttisskimunar er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat fái hún áframhaldandi pólitískt brautargengi. Síðan jafnréttisskimun var tekin upp hefur sjaldan verið talin þörf á að framkvæma dýpra jafnréttismat í kjölfarið, sem sést á því að árið 2021 virðist ekki hafa verið framkvæmd nein jafnréttismöt í kjölfar skimana. Nú er unnið að innleiðingu tillagna starfshóps um endurskoðun á framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismats þar sem skert er á þessu verklagi.
- **Mat á innihaldi eða gæðum jafnréttisskimana:** Umfjöllun í greinargerð þessari tekur einungis mið af innleiðingu á verklagi við jafnréttisskimun á árinu 2021. Ekki er fjallað um innihald skimananna og hversu vel sé staðið að því að stuðla að auknu jafnrétti við gerð fjárhagsáætlunar. Sé lítið til framtíðar er þó mikilvægt að þróa greiningartæki og mælikvarða sem hægt er að nota til að árangursmeta jafnréttisskimanir og jafnréttismöt. Gert er ráð fyrir því að frá árinu 2022 sjá verkefnastjóri KFS um að gefa fag- og kjarnasviðum endurgjöf á innihald skimana, ásamt því að áhersla verður lögð á fræðslu.
- **Ákvarðanatöku:** Óljóst er hvort niðurstöður jafnréttisskimana og jafnréttismats hafi áhrif á ákvarðanatöku. Finna þarf leiðir til að stuðla að því að niðurstöður jafnréttisskima og jafnréttismats séu hafðar til hliðsjónar við ákvarðanatöku. Unnið er að innleiðingu á breyttu skipulagi þessu tengt og skert hefur verið á ábyrgð hinna ýmsu aðila er koma að KFS, þar með talið fagráð borgarinnar, borgarráð og borgarstjórn.
- **Fræðsla og stuðningur:** Mikilvægur þáttur í innleiðingu KFS er þekking og viðhorf starfsfólks. Unnið er að því að uppfæra og útbúa fræðslu- og stuðningsefni fyrir starfsfólk.

Viðauki I. Erindisbréf starfshóps um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskímunar og jafnréttismats

R21020017

Tillaga stýrihóps

Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun leggur til að stofnaður verði starfshópur með það hlutverk að yfirfara og endurskipuleggja verklag og framkvæmd jafnréttisskímunar og jafnréttismats. Starfstímabil hópsins er þrjú mánuðir.

Greinargerð:

Framkvæmd jafnréttisskímunar og jafnréttismats er hluti af verklagi við kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð (KFS) sem Reykjavíkurborg hóf innleiðingu á árið 2011. KFS tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Skv. reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg (FMS-STE-001) sem samþykktar voru í borgarstjórn 1. desember 2015 skal fjárhagsáætlun byggja á aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar en einnig að ef nauðsynlegt þykir að gera breytingu á samþykktri áætlun (viðauka) þá skal slíkum viðauka fylgja jafnréttismat. Verklag við framkvæmd jafnréttismats innan borgarkerfisins og samkvæmt markmiðum um KFS hefur því verið í stöðugri þróun síðan árið 2015. Markmiðið er að tryggja að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð til hliðsjónar við skipulag allra verkefna, alltaf, og strax í upphafi hvers verkefnis, í samræmi við aðferðafræði kynjasambættingar. Um mitt ár 2018 var gefið út eyðublað vegna *jafnréttisskímunar* en markmið með jafnréttisskímun er að taka saman með einföldum hætti áhrif tiltekinna tillögu á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa. Fá tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif. Þá þótti of þyngjandi fyrir starfsfólk borgarinnar að vinna jafnréttismat á öllum tillögum og verkefnum en jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Því var ákveðið að fara þessi tvískiptu leið þar sem öll verkefni eða tillögur hljóti jafnréttisskímun en einungis þau sem talin eru hafa jafnréttisáhrif hljóti jafnréttismat.

Greinilegt er að til þess að skýra og skerpa á því verklagi sem fylgir gerð jafnréttisskímana- og jafnréttismats þarf samstarf þvert á borgarkerfið til þess að rýna verklagið og hlutverkaskiptingu með markmið verkefnisins til hliðsjónar. Í gildi eru ýmsar verklagsreglur sem kveða á um gerð jafnréttisskímana og jafnréttismats við vinnslu m.a. fjárfestingaráætlunar, skuldbindingar og áhættur vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar og viðauka við fjárhagsáætlun. Rýna þarf þetta verklag heildstætt til þess að verkefnið nái tilskildum markmiðum um að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar til þess að stuðla að auknu jafnrétti og betri nýtingu fjármuna.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats

Ábyrgðarmaður:

Líf Magneudóttir, formaður stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að yfirfara og endurskipuleggja verklag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats.

Helstu verkefni:

Verkefni hópsins eru m.a. að:

- Greina/rýna verklag við framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats.
- Skýra hlutverk jafnréttisskimana og jafnréttismats fyrir gerð fjárhagsáætlunar.
- Útfæra tillögur að framtíðarskipulagi og ábyrgð við framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismats.
- Gera tillögur að fyrirkomulagi að samræmdri miðlægni hýsingu gagna og skjala tengdum KFS
- Yfirfara og gera breytingar er við á, á sniðmáti og leiðbeiningum um framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats.

Starfshópurinn skipa:

- Verkefnastýra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem leiðir starf hópsins.
- Fulltrúi skrifstofu borgarstjórnar.
- Fulltrúi gagnaþjónustu þjónustu- og nýsköpunarsviðs
- Fulltrúi áætlana- og uppgjörsskrifstofu á fjármála- og áhættustýringarsviði
- Tveir fulltrúar af tveimur fagsviðum borgarinnar með reynslu af því að vinna jafnréttisskimanir.

Ráðgjöf/samstarf:

Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun, starfshópar fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun og aðrir eftir atvikum.

Til hliðsjónar:

Hópurinn skal hafa til hliðsjónar við starfs sitt eftirfarandi verklagsreglur, eyðublöð og leiðbeiningar sem eru í gildi og tengjast vinnslu jafnréttisskimunar og jafnréttismats.

- FMS-STE-001 Reglur um gerð fjárhagsáætlunar
- FMS-VLR-048 Fjárfestingaáætlun
- FMS-VLR-018 Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar
- FMS-LBE-156 Leiðbeiningar um gerð jafnréttismats
- FÁST-EBL-029 Jafnréttisskimun
- Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar
- Fjármálastefna Reykjavíkurborgar
- Annað eftir atvikum.

Starfstími hópsins:

Hópurinn skal kynna niðurstöður og tillögur sínar á fundi stýrihóps kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar þann 21. maí 2021.

Viðauki II. Greinargerðir fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021

Íþrótt- og tómstundasvið

Áhersla er hjá ÍTR að sú þjónusta sem sviðið veitir íbúum Reykjavíkur og nágrenni nýtist öllum hópum, tekið sé tillits til mismunandi þarfa og sé ávallt í samræmi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru helst greining þjónustubátta með aðferðafræði kynjaðar fjárhags- og starfsáætlunar. Þegar er búið að greina aðsókn í sundlaugar, þátttöku barna í skipulögðu starfi, fjárfestingu vegna íþróttamannvirkja og aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarð, þátttöku í Músíktíraunum og ráðningar í sumarstörf.

Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess gætt að alltaf sé hægt að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt og því hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn og sjá hvort bregðast þurfi við halla. Tækifærin framundan liggja í útbreiðslu aðferðafræðinnar á sviðinu, allir stjórnendur á sviðinu hafa fengið kynningu á helstu þáttum kynjaðar fjárhags- og starfsáætlunar og verður haldið áfram á þeirri vegferð á árinu 2020. Á sviðinu hefur verið gert jafnréttismat og jafnréttisskimun fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Mannauðs- og starfsumhverfissvið er ungt svið og því hafa ekki verið unnin sérstök verkefni áður sem snúa að markvissri innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á sviðinu. Eitt helsta tæki í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum við samþykktu fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Jafnréttisskimuninni var beitt á þær tillögur sem lagðar voru fram frá mannauðs- og starfsumhverfissviði á árinu 2020. Framundan er á árinu 2021 að greina þjónustu mannauðs- og starfsumhverfissviðs út frá sjónarmiðum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Með því að koma jafnréttisskimun inn í verkferli í áætlunarvinnu er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Greining þjónustubátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna á sviði mannauðsmála með hagsmuni alls starfsfólks að leiðarljósi.

Menningar- og ferðamálasvið

Á menningar- og ferðamálasviði er starfræktur starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Markmið hans er að samþætta mannréttinda- og fjármálastefnu borgarinnar með því að greina áhrif dreifingu gæða á kynin og jaðarsetta hópa samfélagsins. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa borgarbúa.

Árið 2021 er áhersla lögð á að byggja ofan á verkefni síðustu ára og skapa þannig enn betri grundvöll til þess að rýna og vinna með kyngreindar upplýsingar sem og að ýta nýjum verkefnum úr vör.

Áætlanir um að skoða og greina aðgangstölur á stofnunum sviðsins með því að framkvæma tímabundnar skimanir á afgreiðslustöðum til að fá betri mynd af því hverjir sækja stofnanir sviðsins og tengja við hvað er í boði á hverjum tíma varð að fresta vegna Covid-19 og takmörkunum gestakoma á söfnin. Áætlanir eru um að fara í slíka framkvæmd 2021.

Áfram verður unnið með uppfærðar verklagsreglur um styrki á vegum menningar, íþrótt- og tómstundaráðs frá 2018 en umsóknir eru nú m.a. metnar á því hve vel þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og

starfsáætlun. Jafnframt leitast ráðið við að kynjahlutföll séu jöfn í þeim ólíku starfshópum sem það skipar.

Skóla- og frístundasvið

Vegna allra nýrra liða þar sem sóst var eftir fjármagni, var gerð skimun samkvæmt gátlista um jafnréttisskimun, sbr. skjal nr. FMS-LBE-156. Skilað var inn 12 útfylltum skjölum vegna skimunar. Vinnsla kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) í tengslum við fjárhagsáætlun var unnin í samræmi við verklagsreglur og leiðarvísi um jafnréttismat. Með því að koma KFS skimun inn í verkferli í áætlun, er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á því hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á réttlátan hátt með tilliti til þarfa barna og unglinga. Í því augnmiði er nú unnið markvisst að greiningu á þjónustupáttum sviðsins.

Umhverfis- og skipulagssvið

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustupátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Eins og kemur fram á mynd hér fyrir neðan þá hefur vinnslutími greiningar sviðsins verið framlengdur til lok árs 2021. Ástæða þessarar seinkunar eru að mestu leyti raknar til Covid-19 faraldursins, en þá fóru þessi verkefni á bið á meðan stór hluti starfsfólks vann í fjarvinnu ásamt því að takmarkanir voru á samskiptum við aðrar deildir innan sviðsins. Þrátt fyrir að ekki var hægt að framfylgja þessari áætlun þá er stefna KFS vinnuhópsins að taka upp þessar greiningar fyrir árið 2021 eins og sést hér fyrir neðan. Þrátt fyrir að ekki hafi náðst að fylgja þeim tímaramma sem við settum upp fyrir árið 2020 þá skilaði verkefnahópurinn af sér jafnréttismati og jafnréttisskimunum fyrir ýmis verkefni innan sviðsins.

Velferðarsvið

Samþykkt var á árinu að ábyrgð á gerð kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) væri færð til sviðsstjóra sem myndi skipa nýjan starfshóp á hverju ári til eins árs í senn. Hlutverk hópsins er að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu, skv. reglum um gerð fjárhagsáætlunar. Frá því að innleiðing hófst á árinu 2011 hefur velferðarsvið tekið fullan þátt og mun ljúka rýningu allra þjónustupátta nú á árinu 2021.

Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé. Lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna.

Greiningar á þjónustupáttum sviðsins og niðurstöður rýningar hafa leitt í ljós að þjónusta hefur í meginráttum verið í samræmi við mismunandi þarfir kynjanna og jaðarsettra hópa. Á velferðarsviði hafa verið gerðar greiningar á flestum þjónustupáttum og í lok árs 2021 eiga að liggja fyrir greiningar á fjárhagsaðstoð og þjónustu við flóttafólk.

Á árinu 2018 var fjárfestingaráætlun sviðsins jafnréttisskimuð í fyrsta skiptið og hefur því verið haldið áfram síðan. Við gerð fjárfestingaráætlunar 2021-2025 voru jafnréttisskimaðar 13 tillögur. Þá var fimm ára áætlun 2021-2025 sviðsins einnig jafnréttisskimuð. Einnig eru allar tillögur frá sviðinu jafnréttisskimaðar.

Fjármála- og áhættustýringasvið

Vegna ólíkrar stöðu borgarbúa, eftir kyni og öðrum breytum, hefur tekjuöflun og ráðstöfun borgarinnar mismunandi áhrif á þeirra tækifæri til lífs og leiks, vinnu og menntunar. Kynjuð fjárhagsáætlun tekur mið af mismunandi stöðu fólks, og leitast eftir því að þjónusta og gæði mæti þeim mismunandi þörfum. Markmiðið er að samþætta mannréttindastefnu borgarinnar við alla

fjárhags- og starfsáætlunargerð og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Þar af leiðandi er verkefninu stýrt í mikilli samvinnu fjármála- og áhættustýringarsviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Eitt helsta tæki í innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum á samþykktri fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna í áætlun komandi árs. Á árinu 2018 var tekin í notkun jafnréttisskimun sem tekur saman áhrif tillagna á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsettra hópa með einföldum hætti. Jafnréttisskimuninni er ætlað að styðja við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa um forgangsröðun og ráðstöfun fjármuna og miðað er við að verkefni sem fá áframhaldandi brautargengi fari í jafnréttismat sem er ítarlegri greining. Framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats nýtist til þess að koma jafnréttissjónarmiðum að við undirbúning og skipulagsvinnu.

Á árinu 2021 mun eftirfylgni með skilvirkni jafnréttisskimana og notkun jafnréttismats verða skerpt við heildarendurskoðun á ferlinu. Stefnt er að því að allar breytingar á samþykktri áætlun 2021 verði jafnréttisskimaðar auk þess sem öll ný verkefni og tillögur vegna undirbúnings á fjárhagsáætlun og fjárfestingaráætlun 2022 hljóti jafnréttisskimun.

Skipaður er pólitískur stýrihópur sem hefur það meginverkefni að skilgreina hvert Reykjavíkurborg stefnir í innleiðingu kynjaðra fjármála og skilgreina framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið. Starfræktir eru einnig starfshópar á fag- og kjarnasviðum sem vinna að því að greina þjónustu borgarinnar út frá sjónarmiðum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Greining þjónustupátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna borgarinnar með hagsmuni allra borgarbúa að leiðarljósi. Starfshóparnir hafa einnig það hlutverk að fylgja eftir vinnslu jafnréttisskimana og jafnréttismats á sínu sviði.

Árið 2020 var stofnaður starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á Fjármála- og áhættustýringarsviði. Sá hópur mun árið 2021 klára að greina nýtingu fjármuna til þeirra verkefna borgarinnar sem sérstaklega er beint að innflytjendum, í samræmi við aðgerðir í samþykktri stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Haldið verður áfram öflugum samstarfi við innlenda sem og erlenda aðila varðandi vinnu við kynjaða fjárhagsáætlun. Sem dæmi hefur borgin verið í góðu samstarfi við Háskóla Íslands um greiningar á verkefnum og mun það samstarf halda áfram. Önnur sveitarfélög á landinu eru að taka Reykjavíkurborg til fyrirmyndar þegar kemur að vinnu við kynjaða fjárhagsáætlunargerð.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Þjónustu- og nýsköpunarsvið steig markvisst inn í innleiðingaráætlun kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) á árinu 2020. Á árinu 2021 verður unnið út frá samþykktri áætlun um greiningu á þjónustupáttum, með tilliti til dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins, í samræmi við markmið KFS og tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2021-2025. Verður annars vegar skoðuð heildstæð skil á gagnasöfnum einstaklinga til Borgarskjalasafns og hins vegar úthlutun upplýsingatækniþjónustu á tölvu og hugbúnaði til starfsfólks. Markmið þón með kynjaðri starfs- og fjárhagsáætlunargerð er að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda leiði til jafnra tækifæra íbúa borgarinnar óháð kyni, aldri, menntun eða stöðu þeirra í samfélaginu.

Viðauki III. Áætlanir fag- og kjarnasviða um greiningar, framkvæmd og eftirlit KFS

Íþrótt- og tómsundasvið

Inngangur – yfirlit yfir stöðu innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar

ÍTR leggur áherslu á að sú þjónusta sem sviðið veitir nýtist öllum hópum, tekið sé tillit til mismunandi þarfa og þjónusta sé ávallt í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þau verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu með aðferðafræði KFS eru helst greining þjónustupátta.

Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess gætt að alltaf sé hægt að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt og því hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn. Tækifærin framundan liggja í útbreiðslu aðferðafræðinnar á sviðinu, allir stjórnendur fá kynningu á helstu þáttum KFS og verður haldið áfram á þeirri vegferð. Á sviðinu eru gerðar jafnréttisskimanir fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri.

| Þjónustupáttur | Hluti þjónustunnar sem var greindur | Ár skila |
|---------------------------------------|-------------------------------------|----------|
| Sundlaugar | Aðsókn | 2012 |
| Frístundarkort | Þátttaka | 2012 |
| Fjárfesting íþróttafélaga | Fjárfesting | 2013 |
| Rekstur íþróttafélaga | Styrkir til íþróttafélaga | 2014 |
| Sumarstörf ÍTR | Ráðningar | 2015 |
| Fjölskyldu og húsdýragarðurinn | Aðsókn | 2018 |
| Hitt Húsið | Þátttaka í Músíktílaunum | 2018 |
| Samantekt frístundakortsins 2012-2020 | Þátttaka | 2021 |
| Aðsókn Sundlaugar | Aðsókn | 2022 |

Framundan eru tækifæri hjá ÍTR til að greina ýmis verkefni í KFS:

Verkefni í vinnslu á árinu 2021

- Aðsóknartölur með nýju verslunarkerfi sem tekið var í notkun árið 2019 og koma gögn til með að liggja fyrir 2021.
- Samantekt á þróun nýtingar frístundakortsins fyrir árin 2012 – 2020.

Önnur verkefni sem stefnt er að greina

- Skoða þátttöku í ýmsum jaðariþróttum og öðrum tómsundum sem ÍTR styrkir.
- Greina aðsókn og þjónustu á skíðasvæðunum með aðferðafræði KFS.
- Skoða álag og starfsánægju í starfsmannahópum ÍTR eftir kyni og aldursbili.
- Skoða ánægju með þjónustu sundlauga, Fjölskyldu- og húsdýragarðs og skíðasvæða eftir kyni og aldursbili
- Vinahópur fyrir félagslega einangruð ungmenni hjá Hinu Húsinu.

Eftirfylgni með aðgerðum

Þær greiningar á sviði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar sem hafa verið gerðar á Íþrótt- og tómsundasviði síðastliðin ár hafa verið nýttar á mismunandi hátt. Aðferðafræðin er komin inn í

verklag við þáttökugreiningu úr gögnum Frístundakortsins og öll gögn þar eru kyngreind. Þá er einnig búið að gara smáforrit í Qlik sense sem eykur aðgengi að þeim upplýsingum.

(Skýrslur er hægt að nálgast hér: <https://reykjavik.is/utgefing-efni-kynjud-fjarhags-og-starfsaetlun> eða hjá verkefnastýru KFS.)

| Þjónustupáttur og ár skila | Aðgerð | Staða framkvæmdar |
|-----------------------------|--|---|
| Frístundakort greint árlega | Greining á nýtingu frístundakortsins eftir: aldri, búsetu, kyni, íþrótt- og tómstunda iðkun. | Komið inn verklag |
| Aðsókn í Sundlaugar | Við innleiðingu á nýju afgreiðslukerfi var horft til þess að auðvelt yrði að safna kyngreindum gögnum. | Vinnu við að tengja Qlik sense við gagnagrunn kerfisins verður lokið 2021 |
| Sumarstörf ÍTR | Stjórnendur meðvitaðir um jafna kynjaskiptingu í ráðningum. | Komið inn í verklag |
| Hitt Húsið | Greining þátttöku í Músíktíraunum eftir kyni. | Komið inn í verklag |

Skóla- og frístundasvið

| Verkefni | Framkvæmd | Tímasetning | Eftirlit/eftirfylgd |
|---|--|---|--|
| KFS greining á grunnskólum | Skýrsla dr. Finnborgar S. ÞóreyjarSteinþórsdóttur kynnt fyrir skóla- og frístundaráði | | Metið út frá því hvaða tillögum úr skýrslunni verður komið til framkvæmda. |
| Fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun SFS | | | Fjármálaskrifstofa SFS |
| Greining á B-hluta Þróunarstyrkja Menntastefnunnar | Verkefnahópur: Hanna Halldóra Leifsdóttir Guðrún Edda Bentsdóttir Sigrún Sveinbjörnsdóttir | Skil áætluð 01. september 2021 | Starfshópur KFS á SFS fylgir eftir skilum á verkefni |
| Greining á starfsemi MÚÚ með sérstaka áherslu á þau námskeið sem í boði eru | Verkefnahópur: Hafsteinn Hrafn Grétarsson Anna Kristín Bang Helgi Grétar Helgason | Skil áætluð 01. september 2021 | Starfshópur KFS á SFS fylgir eftir skilum á verkefni |
| Greining á starfsemi skólahljómsveita og tónlistarskólans Klébergi | Verkefnahópur: Sigfríður Björnsdóttir Haukur Haraldsson Sigrún Harpa Magnúsdóttir | Hópurinn átti að skila í lok árs 2018 en vegna ýmissa aðstæðna hefur verkefninu verið frestað. Áætluð lokaskil eru 01. september 2021 | Starfshópur KFS á SFS fylgir eftir skilum á verkefni |

Umhverfis- og skipulagssvið

| Verkefni sem hlotið hafa greiningu KFS á sviði/skrifstofu | Ábyrgðaraðili | Afgreiðsla | Kostnaður greindrar þjónustu |
|--|-----------------------|--|------------------------------|
| Skipulagsmál | Sviðsstjóri | Apríl 2013 | |
| Hjólreiðaáætlun | Sviðsstjóri | Apríl 2016 | 350 mkr/ár |
| Byggingarfulltrúi | Sviðsstjóri | Júní 2016 | 220 mkr |
| LUKR og landupplýsingar | Sviðsstjóri | Júní 2016 | 145 mkr |
| Grasagarður | Sviðsstjóri | Desember 2016 | 86 mkr |
| Vinnuskólinn | Sviðsstjóri | Mars 2017 | 241 mkr |
| Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing | Sviðsstjóri | Desember 2017 | 1.644 mkr |
| Samgöngumál | Sviðsstjóri | Nóvember. 2018 | 141 mkr |
| Þjónustumiðstöð borgarlandsins | Sviðsstjóri | September 2019 | 1.275 mkr |
| Þjónustuþættir til KFS greiningar 2021-2022 | Ábyrgðaraðili | Greiningar- tímabil (frá - til) | |
| Rekstur hverfahluta austur og vestur | Sviðsstjóri | Janúar - maí 2022 | |
| Náttúra & garðar og Umhverfi & útivist | Sviðsstjóri | Mars-Maí 2021 | |
| Stefnumótun og greining (aðalskipulag og svæðaskipulag, umhverfis- og gæðamál) | Sviðsstjóri | Mars-Maí 2021 | |
| Bílastæðasjóður | Sviðsstjóri | Haust 2021 | |
| Viðhald gatna og opinna svæða | Sviðsstjóri | Haust 2022 | |
| Eftirfylgni með ábendingum í KFS-greiningum sviðsins | Ábyrgðaraðili | Tímabil eftirfylgni | |
| Samgöngumál | Starfshópur KFS á USK | Nóvember 2019 (var framkvæmt) | |

Velferðarsvið

Inngangur – yfirlit yfir stöðu innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fylgir mannréttindarstefnu borgarinnar og áherslum borgarinnar í jafnréttismálum. Í töflu 1 hér að neðan má sjá yfirlit yfir þá þjónustubætti sem þegar hafa verið greindir á velferðarsvið með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar (KFS).

Tafla 1. Yfirlit yfir þjónustubætti sem búið er að greina með aðferðafræði KFS.

| Þjónustubáttur | Hluti þjónustunnar sem var greindur | Ár skila | Kostnaður greindrar þjónustu |
|-------------------|---|----------|------------------------------|
| Tilraunaverkefni | Þjónusta við utangarðsfólk | 2012 | 203 mkr. |
| Tilraunaverkefni | Félagsstarf aldraðra | 2012 | 176 mkr. |
| Fjárhagsaðstoð | Framfærslustyrkur | 2014 | 2.105 mkr. |
| Fjárhagsaðstoð | Heimildagreiðslur | 2015 | 527 mkr. |
| Stuðningsþjónusta | Liðveisla, frekari liðveisla, persónuleg ráðgjöf, tilsjón og stuðningsfjölskyldur | 2016 | 700 mkr. |
| Búsetuúrræði | Búsetuúrræði | 2017 | 4.604 mkr. |
| Dagþjónusta | Dagþjónusta fatlaðs fólks og dagþjónusta aldraðra | 2017 | 983 mkr. |
| Heimaþjónusta | Heimaþjónusta | 2018 | 1.850 mkr. |
| Heimahjúkrun | Heimahjúkrun | 2018 | 1.106 mkr. |
| Hjúkrunarheimili | Droplaugastaðir og Seljahlíð | 2018 | 270 mkr. |
| Þjónustuíbúðir | Þjónustuíbúðirnar á Dalbraut 21-27, Furugerði 1, Lönguhlíð 3 og Norðurbrún 1 | 2018 | 324 mkr. |

Unnið er að áframhaldandi greiningum á þjónustubáttum sviðsins. Í töflu 2 hér að neðan má sjá yfirlit yfir ný verkefni á áætlun að vori 2021 og vori 2022.

Tafla 2. Áætlun um KFS greiningar 2021 og 2022.

| Þjónustubættir til KFS greiningar 2021 og 2022 | Ábyrgðaraðili | Greiningar- tímabil (frá - til) | Dags. skila |
|--|-----------------|---------------------------------|-------------|
| Fjárhagaðstoð | Sviðsstjóri VEL | 2020 | Vor 2021 |
| Flóttafólk | Sviðsstjóri VEL | 2020 | Vor 2021 |
| Framleiðslueldhús | Sviðsstjóri VEL | 2020 | Vor 2021 |
| Akstursþjónusta fatlaðs fólks | Sviðsstjóri VEL | 2020 | Vor 2021 |
| Búsetuúrræði - geð | Sviðsstjóri VEL | 2022 | Vor 2022 |
| Búsetuúrræði - þroski | Sviðsstjóri VEL | 2022 | Vor 2022 |
| Þjónusta við heimilislaua með flóknar þjónustuparfir | Sviðsstjóri VEL | 2022 | Vor 2022 |

Í mars 2021 voru settar af stað fjórar greiningar á þjónustubáttum, flóttafólki, framleiðslueldhúsinu og akstursþjónustu fatlaðs fólks og svo endurgreining á fjárhagsaðstoð, áætlað er að niðurstöðu sé að vænta í maí. Áætlað er að greina búsetuúrræði og þjónustu við heimilislaua á árinu 2022.

Eftirfylgni með aðgerðum

Í eftirfarandi töflu má sjá þær aðgerðir sem lagðar hafa verið til í kjölfar greininga velferðarsviðs með aðferðafræði KFS.

Tafla 3. Yfirlit yfir aðgerðir lagðar til í kjölfar KFS greininga á velferðarsviði.

| Þjónustubáttur og ár skila | Aðgerð | Staða framkvæmdar |
|---|---|---|
| Tilraunaverkefni: Þjónusta við utangarðsfólk 2012 | Setja fram kröfu um kyngreind gögn vegna samninga við þriðja aðila. | Innleitt í samninga |
| Athugasemdir: | | |
| Tilraunaverkefni: Félagsstarf aldraðra 2012 | Átaksverkefni PHL að kynna ekkum starfseminu í félagsmiðstöðvum. | Framkvæmt árið 2012 |
| | Kynning á niðurstöðum fyrir forstöðumenn í hverfinu. | Framkvæmt árið 2012 |
| | Skilgreina vel sjálfbært félagsstarf, tilhögun þess og verklag | Framkvæmt árið 2012 |
| Athugasemdir: | | |
| Fjárhagsaðstoð Framfærslustyrkur 2013 | Aukning á ráðgjöf og þjónusta fyrir karla 30-66 og kvenna 18-29 ára | Hefur ekki farið í framkvæmd |
| | Nánari greining á beitingu 3. gr. reglna um fjárhagsaðstoð. | Er í reglulegri skoðun |
| Athugasemdir: Mikil fækkun hefur orðið í hóp notenda framfærslustyrks frá árinu 2013. Samsetning hópsins er í reglulegri skoðun m.a. m.t.t. aldurs og kyns. | | |
| Fjárhagsaðstoð Heimildargreiðslur 2015 | Nánari greining á heimildargreiðslum Barnaverndar vegna tómtunda barna 4. gr. reglna barnaverndar | Hefur ekki farið í framkvæmd |
| | Nánari greining á heimildargreiðslum fjárhagsaðstoðar vegna sérfræðiaðstoðar. 20. gr reglna fjárhagsaðstoðar | Hefur ekki farið í framkvæmd |
| | Nánari greining á styrk vegna sérstakra erfiðleikar. 24 gr. reglna fjárhagsaðstoðar. | Hefur ekki farið í framkvæmd |
| Athugasemdir: | | |
| Búsetuúrræði 2017 | Nánari greining á aldurshópnum 6-17 ára þar sem hlutfall þeirra sem eru í þjónustu er í ósamræmi grunn hópinn | Hefur ekki farið í framkvæmd |
| | Nánari greining á hlutfall geðfatlaðra í sértækri búsetu | Hefur ekki farið í framkvæmd |
| | Fjölga karlkyns starfsmönnum í sértækri búsetu fyrir fatlað fólk. | Er í vinnslu á mannauðsdeild velferðarsviðs |
| Athugasemdir: | | |
| Dagþjónusta 2017 | Fjölga karlkyns notendum í dagþjónustu aldraðra | Hefur ekki farið í framkvæmd |
| | Fjölga karlkyns starfsmönnum í dagþjónustu fyrir fatlað fólk | Er í vinnslu á mannauðsdeild velferðarsviðs |
| | Fjölga karlkyns starfsmönnum í dagdeildum aldrara | Er í vinnslu á mannauðsdeild velferðarsviðs |
| Athugasemdir: | | |

| Þjónustupáttur og ár skila | Aðgerð | Staða framkvæmdar |
|------------------------------|--|------------------------------|
| Heimþjónusta 2018 | Starfshópurinn gerir tillögu um að gerð verði könnun meðal eldra fólks um það hvaða verkefni það þurfi aðstoð við til að geta haldið heimili og þá hvað þeim finnst eiga að vera verkefni sveitarfélagsins og hvað þeim finnst eðlilegt að kaupa á almennum markaði. | Hefur ekki farið í framkvæmd |
| Athugasemdir: | | |
| Heimahjúkrun 2018 | Engar aðgerðir lagðar til. | |
| Athugasemdir: | | |
| Hjúkrunarheimili 2018 | Engar aðgerðir lagðar til. | |
| Athugasemdir: | | |
| Þjónustuíbúðir 2018 | Engar aðgerðir lagðar til. | |
| Athugasemdir: | | |

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Eftirfarandi er áætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs er varðar greiningu á þjónustupáttum með tilliti til dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins, í samræmi við markmið KFS og tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2021-2025 sem gefin hefur verið út af borgarráði.

Vinnuhópar verða skipaðir eftir þörfum, til að sjá um greiningar á þjónustupáttum og mun starfshópur verkefnisins styðja við starf þeirra.

| Þjónustupáttur | Hluti þjónustunnar sem verður greindur | Ár greiningar | Kostnaður greindrar þjónustu (m.v. fjárhagsáætlun 2020) |
|-------------------------|---|---------------|---|
| Borgarskjalasafn | Heildstæð skil á gagnasöfnum einstaklinga | 2021 | 600 þ.kr |
| Þjónustuhönnun | Þjónusta í þjónustuveri: framlína, móttaka símtala, netspjall og ábendingar í gegnum vef. | 2022 | 100 mkr |
| Upplýsingatækniþjónusta | Úthlutun tölvu- og hugbúnaðar til starfsfólks | 2023 | 457 m.kr |
| Stafræn Reykjavík | Nýr vefur Reykjavík.is | 2024 | 45 m.kr |
| Skjalastýring | Hlaðan: málaflokkar, eðli erinda, málshraði og svo framvegis. | 2025 | Verkefni í innleiðingu |

Þegar fyrstu greiningar á þjónustupáttum á sviði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar liggja fyrir verður hægt að leggja fram tillögur um aðgerðir og tryggja að þeim sé fylgt eftir.

Viðauki IV. Leiðbeiningar vegna gerð jafnréttismats

FMS-LBE-156 Leiðbeiningar um gerð jafnréttismats

Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009. Markmið þessara laga og samþykta er að stuðla að auknu kynjajafnrétti og tryggja réttindi jaðarsettra hópa.

Við forgangsroðun í fjárhags- og starfsáætlunargerð þarf að gæta að hagkvæmri nýtingu fjármuna í samræmi við jafnréttismarkmið borgarinnar og ólíkar þarfir einstaklinga. Framkvæmd jafnréttismats nýtist til þess að koma jafnréttissjónarmiðum að við undirbúning og skipulag vinnu. Með skilvirkri notkun á jafnréttismati er hægt að tryggja upplýstari ákvarðanatöku og réttlátri skiptingu fjár, um leið og beiting þess eykur þekkingu á jafnréttismálum og skilning á stöðu jaðarsettra hópa.

Jafnréttismat skal framkvæma á tillögum sem teljast hafa jafnréttisáhrif *eftir* að þær hafa farið í gegnum jafnréttisskimun. Jafnréttismöt geta verið mjög misjöfn í umfangi og fer það eftir eðli tillögunnar og þeirri starfsemi sem hún nær yfir. Gert er ráð fyrir að ábyrgðafólk tillögunnar vinni jafnréttismat í samráði við ráðgjafahóp um KFS og/eða verkefnastýru.

Í eftirfarandi leiðbeiningum er gert grein fyrir þeim þáttum sem þurfa að koma fram í jafnréttismatinu, dæmi um spurningar til umhugsunar og ábendingar á annað fræðsluefni.

Eftirfarandi þarf að koma fram í jafnréttismatinu:

- Lýsing á tillögunni og markmiðum.
- Úttekt á þekkingu um stöðu mismunandi hópa á þeim sviðum sem snerta tillöguna. Ýmislegt er vitað um þær mismunandi aðstæður og óskrifuðu reglur sem ólíkir hópar búa við og ekki er hægt að framkvæma fullnægjandi jafnréttismat án þess að taka tillit til þeirrar þekkingar. Hér er beðið um að fólk kynni sér rannsóknir, skýrslur og annað efni sem fjallar um þessar ólíku stöður. Hægt er að nálgast ráðgjöf hjá ráðgjafahópi og verkefnastýru KFS og hjá fulltrúum mannréttindaskrifstofu. Einnig er hægt að nálgast gagnlegt efni frá Reykjavíkurborg hér: <https://reykjavik.is/utgefid-efni-kynjud-fjarhags-og-starfsaaetlun>
- Greining á áhrifum tillögunnar á mismunandi hópa eftir kyni og annars þáttar sem við á, sb. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Greininguna skal byggja á rannsóknnum og þekkingu á stöðu mismunandi hópa auk kyngreindra tölfræðigagna. Hér ber einnig að hafa í huga að mismunun getur verið margþætt – sumt fólk tilheyrir fleiri en einum jaðarsettum hópi og getur það haft áhrif á aðstöðu.
- Hvernig getur tillagan stuðlað að auknu jafnrétti og tryggt réttindi jaðarsettra hópa? Markmið þess að vinna að auknu jafnrétti er að fólk hafi tækifæri til að þróa og nýta hæfileika sína án þess að verða fyrir mismunun eða festa staðlaðar ímyndir í sessi. Það er mikilvægt að hafa í huga að jöfn hlutföll eða skipting eru ekki endilega merki um jafnrétti. Aftur þarf að taka mið af þekkingu um ólíka stöðu fólks til þess að gefa fullnægjandi mat af jafnréttisáhrifum. Hér er einnig beðið um mat á því hvort grípa megi til mótvægisáðgerða vegna tillögunnar til þess að vinna að auknu jafnrétti.

Ýmsar spurningar til umhugsunar

- Hvernig mun komandi breyting mæta ólíkum þörfum?
- Hvernig mun starfsemin vinna gegn kynimyndum og fordómum í garð ólíkra hópa?
- Getur tillagan skapað nýjar hindranir eða dregið úr hindrunum á vegi jafnréttis?
- Hvernig skiptist fjárhæðin á milli kynja?
- Hvernig munu fjárhæðir samkvæmt tillögunni skiptast á milli kynja innan jaðarhópa?
- Ef að einhver hagnast af tillögunni umfram annan er hægt að réttlæta það?
- Ýtir stefnan eða breyting á þjónustu undir eða dregur úr ógreiddum stundum við umönnun? Skoða þarf m.a. áhrif á fjárhagslega stöðu eða aðgengi að þjónustu.
- Hvernig verður starfsemin skipulögð þannig að allir hafi aðgengi að henni?
- Hvernig mun breytingin minnka aðgreiningu kynjanna og ólíkra hópa?
- Hvernig er kynsamsetning þeirra sem nýta þjónustu tengda tillögunni?
- Skarast mismunur á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar?

Nánari upplýsingar og fræðsluefni:

- Reykjavíkurborg. (2018) Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/stefna_mannr_280518_net.pdf
- Reykjavíkurborg. (2014) Handbók um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun hjá Reykjavíkurborg.
https://reykjavik.is/sites/default/files/handbok_kynjadrar_fjarhags-_og_starfsaaetlunar.pdf
- Jafnréttisstofa. (2014) Jafnréttismat – mat á áhrifum stefnumótunar, áætlanagerðar og lagasetningar.
http://www.jafnretti.is/D10/_Files/Jafnrettismat.pdf

Viðauki V. Eyðublað vegna jafnréttisskimunar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

| | |
|---------------------------|--|
| Dagsetning: | |
| Svið: | |
| Unnið af: | |
| Verkefni/tillaga: | |
| Þjónustubáttur: | |
| Stofnun/kostn.st.: | |
| Fjárhæð: | |
| Annað: | |

Jafnréttisskimun:

| |
|--|
| Hver er tillagan og hvert er markmið hennar? |
| |
| Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið. |
| |
| Hvaða hópa snertir tillagan? |
| |
| Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og þeirra hópa sem mannréttindastefnan tekur til? Rökstyðjið. |
| |
| Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?⁹ |
| |

⁹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.